

## 21.fundur samfélagsnefndar

### 21. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin í fjarfundarbúnaði þann 10.12.2019 klukkan 13:30.

Mætt voru: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir.

#### Dagskrá

1. Stofnun Samfélagssjóðs
2. Önnur mál

- 
1. Samfélagsnefndin telur mikilvægt að stofna nýsköpunar- og framkvæmdasjóð (séreignarsjóð). Hún telur að slíkur sjóður sé mikilvægur einkum vegna eftirfarandi:

- a) Til að tryggja verkefnum sem spretta úr grasrótinni brautargengi, þ.e. verkefnum sem íbúar komu með tillögur að á samfélagsþinginu vorið 2019 og öðrum nýjum verkefnum sem skapa bjartari framtíð í Fljótsdal,
- b) Sjálfseignarsjóður sem stofnaður er eigi síðar en á árinu 2019 á að lifa áfram þó að til sameiningar komi. Stofnun hans er því leið til að tryggja að fjármagn Fljótsdalshrepps fari til uppbyggingar í dalnum bæði fyrir og eftir sameiningu. Sterkari Fljótsdalur mun einnig skila sterkara Austurlandi.

Fyrir liggur minnsblað frá Kristni Bjarnasyni þar sem hann fer yfir það hvort sveitarstjórnun er heimilt að ráðstafa fjármunum til samfélagsverkefna. Niðurstaða hans er að sveitarstjórn hafi rúmar heimildir til að ráðstafa fjármunum til slíkra verkefna, að því gefnu að sveitarstjórn haldi sig innan lögboðinna viðmiða.

Næstu skref eru að koma með tillögur fyrir sveitarstjórn og útfærslur á sjóðnum og hversu mikla fjármuni skuli setja í hann. Ásdís ætlar að kanna betur hvaða upphæð er innan lögboðinna viðmiða. Jóhann F. ætlar að heyra í Sambandi íslenskra sveitafélaga um hvort fresta megi afgreiðslu fjárhagsáætlunar, sem er 15. desember, ef með þarf.

Samþykkt að Samfélagsnefndin hafi mótað sér tillögur fyrir sjóðinn fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

2. Samfélagsnefndin samþykkti, að leggja til við sveitastjórn, að fá Pál Lyngdal til að taka út staði sem væru vænlegir til að byggja upp íbúakjarna.

Fundi slitið 14:30  
Lárus ritaði fundargerð